

Fimmtudaginn 10. júlí 1975.

Nr. 1/1975. **Alþýðusamband Íslands vegna**

Félags matreiðslumanna

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda

(Sigríður Ásgeirsdóttir hdl.).

Dómarar:

Guðmundur Jónsson, Sigurður Lindal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Vignir Jósefsson og Ragnar Ólafsson.

Dæmt um grundvöll tímakaups.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 2. janúar sl.

Stefnandi málsins er Alþýðusamband Íslands vegna Félags matreiðslumanna.

Stefndi er Samband veitinga- og gistihúsaeygenda.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur, „að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur Félags matreiðslumanna á 1. mgr. 4. gr. kjarasamnings félagsins við stefnda frá 31. janúar 1974, að tímakaup í dagvinnu hjá matreiðslumönnum, sem vinna 35 stunda vinnuviku samkvæmt heimild í 4. mgr. 3. gr. kjarasamningsins, skuli fundið með því að deila 152 í mánaðarkaup þeirra. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. úr hendi stefnda“.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að Ferðaskrifstofa ríkisins, sem um árabíl hefur rekið sumarhótel á ýmsum stöðum á landinu, ritaði stefnda bréf 1. apríl 1974, þar sem óskað var umsagnar um kröfur Nielsar S. Olgeirssonar matreiðslumanns.

Ferðaskrifstofa ríkisins er ekki félagsaðili að Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda, en Niels Olgeirsson er félagsmaður í Félagi matreiðslumanna.

Í bréfi því, sem stefndi ritaði Ferðaskrifstofu ríkisins af því tilefni 26. apríl 1974, segir svo:

„Vér tilvísunum bréf yðar, dags. 1. apríl 1974, þar sem þér óskið umsagnar um kröfur Nielsar S. Olgeirssonar, matreiðslumanns.

Á fundi stjórnar S.V.G. 24. þ. m., þar sem erindi yðar var rætt, kom fram sú eindregna skoðun, að tímakaup í dagvinnu skuli fundið með því að deila 173 í mánaðarkaupið.

Þar sem svo hagar til, að daglegum vinnutíma er skipt í tvær annir, var svo um samið, að vikulegur vinnutími í dagvinnu skyldi stytast um 5 klst.

Er þá miðað við, að matreiðslumaður, sem þannig vinnur, komist fyrr á eftirvinnukaup og næturvinnukaup en ella.

Af hálfu S.V.G. var aldrei léð máls á því, að álagstíma-kaup eða annað tímakaup væri annað hjá matreiðslumönnum, sem skipta dagvinnutíma í 2 annir en hjá öðrum.

Óhagræði af því að skipta dagvinnutíma í tvær annir var að fullu bætt með umræddum 5 klst styttri dagvinnutíma og var ekki til þess ætlast, að slík stytting dagvinnutíma hefði nein áhrif á tímakaupið“.

Sóknaraðili telur þann skilning á ákvæði 1. mgr. 4. gr. kjarasamnings síns við stefnda frá 31. janúar 1974 réttan, að deilitala til ákvörðunar dagvinnutímakaups þeirra, sem vinna á tveimur önnum og vinna því 35 klst. á viku, svo sem nánar verður rakið, skuli fundin á sama hátt og deilitalan 173 til ákvörðunar dagvinnutímakaups þeirra, sem vinna samfelldan daglegan vinnutíma og vinna því 40 klst. á viku. Er ekki ágreiningur um það, að deilitalan 173 sé fundin þannig, að vinnustundafjöldi á viku, 40 klst., sé margfaldaður með vikufjölda hvers mánaðar, sem telst vera 4.33. Telur sóknaraðili ljóst samkvæmt greindu bréfi, að stefndi fallist ekki á þennan skilning, og því sé nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Í kjarasamningum sóknaraðila og stefnda fram til 10. júní 1970 var almenn heimild til að skipta daglegum vinnutíma í tvær annir.

Í kjarasamningi þeim, sem gerður var 29. maí 1969, segir svo í 1. og 2. mgr. 3. gr.: „Gegn hinu fasta mánaðarkaupi skulu matreiðslumenn vinna 44 klst á viku hverri, og skal vinnan framkvæmd á tímabilinu frá kl. 8.00 til kl. 22.00, en þó í samfelldri heild. Heimilt skal að skipta vinnudegi í tvö

vinnutímabil, eftir nánara samkomulagi við veitingamann, og skulu samanlagðar vinnustundir þá ekki vera meiri en $6\frac{1}{2}$ stund á dag“.

Í 2. mgr. 4. gr. segir svo: „Tímakaup á dagvinnu skal fundið með því að deila með 190 í mánaðarkaupið“.

Í kjarasamningi þeim, sem gerður var 10. júní 1970, segir svo í 1. mgr. 3. gr.: „Gegn hinu fasta mánaðarkaupi skulu matreiðslumenn vinna 42 klst. á viku hverri eða hlutfallslega styttri tíma, ef einhver þeirra helgidaga, sem taldir eru í 5. gr., er í vikunni. Vinnuvikan skal þó stytast um $\frac{1}{2}$ klst. hinn 15. maí 1971 og síðan um $\frac{1}{2}$ klst. hinn 15. maí ár hvert, unz hún er komin í 40 klst.“

Í 4. mgr. 3. gr. segir svo: „Á veitingastöðum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi skal vinnutími dag hvern vera samfelldur, en á veitingastöðum utan nefnds svæðis er heimilt að skipta vinnutímanum í tvær annir, hádegisverðarönn og kvöldverðarönn, enda sé þá vinnuvikan eigi lengri en 37 stundir og styttist í 35 stundir samkvæmt sömu reglum og í 1. mgr.“.

Í 1. mgr. 4. gr. segir svo: „Tímakaup í dagvinnu skal fundið með því að deila 182 í mánaðarkaupið, miðað við 42 klst. vinnuviku“.

Með lögum nr. 88/1971 var mælt fyrir um 40 klst. vinnuviku, og gerðu aðiljar málsins samkomulag í janúar 1972 um framkvæmd kjarasamnings síns í samræmi við það. Samkvæmt því skyldu 1. og 4. mgr. 3. gr. kjarasamnings aðiljanna orðaður svo:

„Gegn hinu fasta mánaðarkaupi skulu matreiðslumenn vinna 40 klst. á viku hverri eða hlutfallslega styttri tíma, ef einhver þeirra helgidaga, sem taldir eru í 5. gr., eru í vikunni. . . .“

Á veitingastöðum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi skal vinnutími dag hvern vera samfelldur, en á veitingastöðum utan nefnds svæðis er heimilt að skipta vinnutímanum í tvær annir, hádegisverðarönn og kvöldverðarönn, enda sé þá vinnuvikan eigi lengri en $36\frac{1}{2}$ stund og styttist í 35 stundir sem hér segir:

Frá og með 15. maí 1972 í 36 stundir,

frá og með 15. maí 1973 í 35½ stund og frá og með 15. maí 1974 í 35 stundir“.

1. mgr. 4. gr. skyldi orðuð svo:

„Tímakaup í dagvinnu skal fundið með því að deila 173 í mánaðarkaupið“.

Nýr kjarasamningur var gerður 1. júní 1972, og segir svo í 1. mgr. 3. gr.: „Gegn hinu fasta mánaðarkaupi skulu matreiðslumenn vinna 40 klst. á viku hverri, eða hlutfallslega styttri tíma, ef einhver þeirra helgidaga, sem taldir eru í 5. gr., eru í vikunni“.

Í 3. mgr. 3. gr. segir svo: „Á veitingastöðum á Akureyri, í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi skal vinnutími dag hvern vera samfelldur, en á veitingastöðum utan nefnds svæðis er heimilt að skipta vinnutímanum í tvær annir, hádegisverðarönn og kvöldverðarönn, enda sé þá vinnuvikan eigi lengri en 35 stundir“.

Í 1. mgr. 4. gr. segir svo: „Tímakaup í dagvinnu skal fundið með því að deila 173 í mánaðarkaupið miðað við 40 klst. vinnuviku“.

Nýr kjarasamningur var svo gerður 31. janúar 1974, og eru greind ákvæði úr samningnum frá 10. júní 1972 tekin óbreytt í hinn nýja samning.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að við samningsgerðina 1970 hafi nokkur vafi þótt leika á því, hver ætti að vera deilitala til útreiknings á tímakaupi þeirra matreiðslumanna, sem byggju við tvískiptan vinnutíma, og þar sem þar við hafi bætzt, að samið hafi verið um styttingu vinnuvikunnar í áföngum, þá hafi verið skotið inn ákvæði, sem hafi sýnt, að deilitalan ætti að vera breytileg eftir lengd vinnuviku, þ. e. að yfirvinnulaun skyldu jafnan reiknuð með 40 eða 80% álagi á dagvinnulaun viðkomandi matreiðslumanns. Þetta hafi verið gert með því að auka orðunum „miðað við 42 klst. vinnuviku“ við ákvæðið um deilitöluna. Samsvarendi ákvæði hafi síðan verið í samningi aðiljanna og sýni það glögg, að það hafi ekki einvörðungu verið stytting vinnuvikunnar í áföngum, sem hafi verið höfð í huga, er orð þessi voru tekin inn í samninginn. Samningurinn hafi verið gerður til nærri tveggja ára, sem þá hafi verið nokkurt ný-

mæli. Veitingamenn hafi lagt ríka áherzlu á það í samningsumræðunum, að samningurinn yrði til tveggja ára og hafi verið fallizt á það gegn því, að matreiðslumenn fengju umtalsverðar kjarabætur, svo sem styttingu vinnuvikunnar, vaktarálag og lengingu orlofs, og hafi framangreint ákvæði verið meðal þeirra, sem tekin voru þá upp í samninginn. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að ekki hafi verið krafizt mismunar á kaupi þeirra matreiðslumanna, sem starfa á einni önn og þeirra, sem starfa á tveimur. Á hinn bóginn hafi verið krafizt mismunandi deilitölu til að reikna út tímakaup, enda hljóti eftirvinnukaup þeirra, sem vinna á vaktavinnu, að vera hærra en þeirra, sem leysa af hendi vinnu sína í dagvinnu. Ef ákvæðið um að deilitalan væri miðuð við ákveðinn vinnustundafjölda á viku hefði verið sett vegna vinnutímastyttingarinnar, hefði það átt að falla niður við síðari samningsgerðir, er vikulegur vinnutími var kominn niður í 40 klst., en svo hafi ekki verið. Orð þessi séu því tilgangslaus, ef þeim sé ekki ætlað að gegna þeim tilgangi að kveða á um aðra deilitölu, þegar unnið sé á tveimur önnum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi risið neitt það ágreiningsefni með aðiljum, sem málshöfðun þessi verði reist á og því sé vafamál, hvort málsókn þessi fullnægi skilyrðum 67. gr. laga nr. 85/1936. Þá er mótmælt þeim skilningi á ákvæði 2. mgr. 4. gr. samnings aðiljanna frá 31. janúar 1973, sem fram kemur í kröfugerð og málsútlistun stefnanda. Um árabíl hafi verið heimilt samkvæmt kjarasamningum aðiljanna að skipta vinnutíma matreiðslumanna í tvær annir og hafi veitingamenn fallizt á að bæta matreiðslumönnum það óhagræði, sem leiddi af skiptingu vinnutímans, með því að þeir skilufðu styttri daglegum vinnutíma en þeir matreiðslumenn, sem hefðu óslitinn vinnutíma. Því hafi aldrei verið hreyft, að deilitalan til þess að finna út tímakaup í eftir-, nætur- og helgidagavinnu, svo og vaktaálag þessara matreiðslumanna yrði önnur en samningurinn kvæði á um. Ekki hafi heldur verið léð máls á því, að bætur fyrir óhagræði af tvískiptum vinnutíma yrðu aðrar en stytting vinnutímans gegn hinu fasta mánaðarkaupi. Við gerð samnings þess, sem undirritaður var hinn 10. júní 1970, hafi verið samið um, að

matreiðslumenn skyldu vinna 42 klst. á hverri viku gegn hinu fasta mánaðarkaupi, en einnig hafi verið samið um það, að vinnuvikan skyldi styttest um ½ klst. ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 1971, unz hún væri orðin 40 klst., og hafi því í samninginn verið tekin ákvæði þess efnis, að deilitalan 182 væri miðuð við 42 klst. vinnuviku, en deilitalan breyttist í 180 þegar vinnuvikan væri orðin 41½ klst., í 178 miðað við 41 klst. vinnuviku og 173 miðað við 40 klst. vinnuviku. Hafi þetta verið ástæðan fyrir því, að orðunum „miðað við 42 klst. vinnuviku“ var bætt inn í 2. mgr. 4. gr., eins og hún hafi verið í fyrri samningi. Ekki hafi komið til tals, að ákvæði um deilitöluna hefði nein áhrif á eða væri í tengslum við heimildina í 4. mgr. 3. gr. til tvískiptingar vinnutímans úti á landi. Um þetta hafi verið full eining samningsaðilja og hafi þeir gefið út kauptaxta í hvert sinn, sem kaupgjaldsvísitala breyttist, þar sem tímakaup fyrir eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu svo og vaktaálag hafi verið það sama fyrir alla þá, sem kaup hafi tekið samkvæmt samningi aðiljanna, hvort sem þeir hafi haft samfelldan vinnudag eða tvískiptan. Hafi ákvæði þetta svo verið tekið óbreytt upp í síðari kjarasamninga, án þess að aðiljar hefðu í huga að breyta framkvæmd samningsins á þann veg, sem stefnandi krefðist nú. Þvert á móti hafi framkvæmd þessa ákvæðis síðari kjarasamninga verið með sama hætti og áður. Ef breyta hefði átt framkvæmd þessa ákvæðis til samræmis við kröfugerð stefnanda, hefði verið eðlilegt að það væri gert með beinu og ótvíræðu orðalagi, þ. e. að deilitala til að finna tímakaup þeirra, sem leystu af hendi vinnu sína á tveimur önnum, skyldi vera 152.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram ýmis vinnugögn þeirra, sem unnu að gerð kjarasamninga 1970. Þá hafa verið lagðir fram kjarasamningar nokkurra annarra stéttarféлага.

Í málinu liggur og fyrir yfirlýsing Tryggva Jónssonar, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, sem tók þátt í samningaviðræðum Félags matreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda í maí og júní 1970, en ég var þá formaður Félags matreiðslumanna, man glöggst að undir lok viðræðnanna, sem leiddu til

undirritunar samnings hinn 10. júní, komum við Gunnar Sæmundsson, hdl., annars vegar og Konráð Guðmundsson og Jón Magnússon, hrl., hins vegar, saman til að reyna að ná endum saman og höggva á óleysta hnúta.

Ég minnst þess í sambandi við 4. gr. samningsins, að af hálfu okkar, talsmanna Félags matreiðslumanna, var þá fallið frá kröfu um að öll yfirvinna yrði greidd með einum taxta, þ. e. 1% af mánaðarkaupi viðkomandi matreiðslumanns. Í stað þessa kom inn ákvæði þess efnis, að deilitala sú, sem nefnd var í greininni, miðað við 42 klst. vinnuviku. Í umræðunum kom fram, að þessa væri þörf að geta, bæði vegna styttingar vinnuvikunnar í áföngum og þess að matreiðslumenn úti á landsbyggðinni hefðu styttri vinnuviku. Að því er varðar landsbyggðina er mér sérstaklega minnisstætt, að annað hvort ég eða Jón Magnússon hafði orð á því, að rétt væri að kanna hug veitingamanna úti á landi til þessa nýmælis og mun í því sambandi hafa nefnt hótelið á Hornafirði, en Konráð Guðmundsson kvað ástæðulaust að eyða tíma í það og kvaðst ábyrgjast veitingamennina úti á landi. Það er því ágreiningslaust við umrædda samningagerð, að deilitala átti að vera breytileg eftir lengd vinnuviku“.

Einnig hefur verið lögð fram yfirlýsing Konráðs Guðmundssonar, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Konráð Guðmundsson, hóteltjóri, hefi kynnt mér efni yfirlýsingar Tryggva Jónssonar, dags. 10. febrúar 1975.

Í tilefni af yfirlýsingunni vil ég taka fram eftirfarandi:

Í samningsviðræðum þeim, sem lyktaði með undirritun kjarasamnings hinn 10. júní, kom aldrei til tals, að matreiðslumenn, sem hefðu skiptan vinnudag og þar af leiðandi styttri vinnutíma á viku, skyldu hafa annað tímakaup eða hærra vaktaálag en aðrir matsveinar.

Orðalag 4. gr. samningsins, 1. mgr.:

„Tímakaup í dagvinnu skal fundið með því að deila 182 í mánaðarkaupið, miðað við 42 klst. á viku“, er komið til af því, að samið var um að stytta vinnuvikuna í áföngum (½ klst. á ári), unz hún yrði 40 klst., og skyldi þá deilitalan breytast árlega í samræmi þar við.

Um að deilitalan yrði önnur fyrir þá matsveina, sem unnu úti á landi með skiptum daglegum vinnutíma, var aldrei rætt“.

Þeir Tryggvi og Konráð hafa staðfest yfirlýsingar sínar fyrir dómnum, en ekki hefur náðst frekara samræmi milli þeirra.

Í málinu eru gögn um uppgjör launa eins matreiðslumanns frá því í janúar, febrúar, marz og apríl 1974 fyrir störf á Hótel Höfn í Hornafirði og janúar, febrúar og marz 1975 fyrir störf á Hótel Húsavík. Kemur fram, að matreiðslumanninum eru þar reiknuð laun, sem eru hærri en launataxti sá, sem stefndi hefur tilkynnt félagsaðiljum sínum.

Alit dómsins.

Ekki verður ráðið af gögnum málsins eða af flutningi málsins fyrir dómnum, að sanningsákvæði það, sem krafa stefnanda beinist að, hafi áður orðið ágreiningsefni milli aðiljanna. Nú er hins vegar komið í ljós, að hvor aðili leggur sinn skilning í ákvæðið. Verður því efnisdómur lagður á málið.

Samkvæmt kjarasamningum aðilja hefur þeim matreiðslumönnum, sem ljúka daglegri vinnuskyldu á tveim önnum, verið umbunað með því að vinna skemmri vikulegan vinnutíma með sama mánaðarkaupi og þeir fá greitt, sem hafa óskiptan daglegan vinnutíma. Samkvæmt kjarasamningi aðiljanna frá 31. janúar 1974 nemur vinnuvika þeirra fyrrgreindu 35 klst., en hinna 40 klst. Telja verður, að orðalag 1. mgr. 4. gr. kjarasamningsins frá 10. júní 1970, „miðað við 42 klst. vinnuviku“, hafi verið tekið upp vegna ákvæða samningsins um vinnutímastyttingu í áföngum. Er ósannað, að tildrög að gerð sanningsákvæðis þessa hafi verið þau, sem stefnandi heldur fram. Þótt orðalag þetta hafi haldizt í samningum aðiljanna eftir að vinnutímastyttingin hafði að fullu komið til framkvæmda, verður að telja ósannað, að samið hafi verið um notkun tveggja deilitalna, svo sem haldið er fram af hálfu stefnanda. Var rétt að kveða á um það greinilega í samningum aðiljanna, ef það var ætlun aðilja að semja um frekari umbun til þeirra matreiðslumanna, sem unnu tvær annir daglega. Af hálfu stefnanda hafa heldur ekki verið færðar sönnur að því, að almenn framkvæmd samnings-

ákvæðisins hafi verið í samræmi við þann skilning, sem hann krefst að verði viðurkenndur. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Líndal, Guðmundur V. Jósefsson og Ragnar Ólafsson.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Félags matreiðslumanna.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. ágúst 1975.

Nr. 2/1975. **Alþýðusamband Íslands vegna Félags starfsfólks í veitingahúsum**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Hótels Loftleiða
(Einar Árnason hdl.).

D ó m a r a r :

Guðmundur Jónsson, Sigurður Líndal, Bjarni K. Bjarnason, Ragnar Ólafsson og Guðmundur Vignir Jósefsson.

Dæmt um upphafstíma vetrarleyfis.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. f. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 16. janúar 1975.

Stefnandi málsins er Alþýðusamband Íslands vegna Félags starfsfólks í veitingahúsum.

Stefndi er Samband veitinga- og gistihúsaeigenda vegna